

Föstudaginn 19. október 1962.

Nr. 160/1961. M (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

K og gagnsök (Gísli Einarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1961. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að honum verði dæmdur synjunareiður í málinu og um málskostnað fari, eins og greinir í aðalkröfu.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 29. nóvember 1961. Krefst hún þess *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir meybarns þess, er hún ól hinn 31. janúar 1961, og honum dæmt að greiða meðlag með því frá fæðingu til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingargjald hennar árið 1961. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa nokkur vitni verið leidd, og gagnáfrýjandi hefur komið fyrir dóm af nýju. Ekki þykja gögn þessi hnekkja rökum héraðsdóms fyrir því að veita gagnáfrýjanda fyllingareið í málinu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Ef gagnáfrýjandi vinnur eiðinn, skal aðaláfrýjandi greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.500.00, og renni þar af kr. 4.000.00 í rikissjóð. Fallist gagnáfrýjandi á eiðnum, greiði hún aðaláfrýjanda kr. 5.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Það athugast, að ekki sézt, að ljósmóðir sú, er tók á móti barni gagnáfrýjanda, hafi spurt hana um faðerni barnsins, eins og boðið er í 1. mgr. 214. gr. laga nr. 85/1936, en ákvæði 18. gr. reglugerðar nr. 103/1933 eru ekki lengur í gildi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef gagnáfrýjandi, K, vinnur eiðinn, skal aðaláfrýjandi, M, greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.500.00, en þar af renni kr. 4.000.00 í ríkissjóð.

Nú verður gagnáfrýjanda eiðfall, og skal hún þá greiða aðaláfrýjanda kr. 5.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í Hæstarétti, Gísla Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. september 1961.

Ár 1961, föstudaginn 15. september, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í húsi sakadóms Reykjavíkur, Frikirkjuvegi 11, af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 8/1961: K gegn M, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Mál þetta er höfðað af K, nú til heimilis G, gegn M bifreiðarstjóra, nú til heimilis S, og gerir hún þær kröfur, að varnaraðili verði dæmdur faðir að óskilgetnu meybarni, er hún ól hinn 31. janúar 1961, og til að greiða með barninu meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og

tryggingariðgjald hennar fyrir þetta ár. Til vara krefst hún fyllingareiðs. Hún krefst málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili krefst aðallega sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja, en til vara synjunareiðs. Hann krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili á son, fæddan 18. janúar 1959, er varnaraðili hefur gengizt við faðerni að. Hinn 31. jan. s.l. ól hún meybarn, ófullburða, 1400 gr að þyngd og 40 cm að lengd. Um getnaðartíma barnsins segir svo í álitserð Péturs H. J. Jakobssonar yfirlæknis Fæðingardeildar Landspítalans: „... Miðað við þroska barnsins, rauð og loðin húð, lin eyru og neglur ekki úr gömheldu, ásamt því, að stóru burðarbarmar hylja ekki minni burðarbarmana, benda að því leyti til, að barnið sé 195 til 204 daga gamalt. Miðað við tíðareikning, hefði það verið fullburða um 10. til 14. apríl. Það er í mesta máta ósennilegt, að getnaður hafi verið seinna en viku af ágúst, þó þeim möguleika verði ekki neitað fram undir miðjan ágúst. Eins verður að teljast ósennilegt, að getnaður hafi orðið fyrir miðjan júní, enda þótt ekki verði neitað möguleika getnaðar í byrjun júní.“

Sóknaraðili heldur því fram, að hún hafi tvívegis í júlímánuði 1960 haft samfarir við varnaraðilja, í bæði skiptin á heimili hennar, en hún bjó þá á S. Aðrar samfarirnar hafi farið fram í vikunni 18.—24. júlí, en þá viku hafi kona, sem bjó með henni, P, verið fjarverandi úr bænum. Hinar samfarirnar hafi átt sér stað, rétt áður en P fór úr bænum. Sóknaraðili segir, að varnaraðili hafi oft komið heim til hennar þetta sumar, eftir að hann hafði lokið vinnu á daginn. Einu sinni hafi þau farið saman á dansleik í Þórscafé. Og eitt skipti hafi þau komið saman að kvöldi að F til kunningjakonu þeirra, P, og sakir ölvunar varnaraðilja hafi þau þá gist þar og sofið saman, en ekki hafi þau haft samfarir í það skipti.

Varnaraðili neitar því, að hann hafi nokkru sinni haft samfarir við sóknaraðilja eftir fæðingu sonar þeirra. Hann kveðst stundum hafa komið heim til sóknaraðilja til þess að sjá son sinn og telur, að það hafi einnig komið fyrir í júlí 1960, en aldrei hafi komið til ástaratlota né samfara milli hans og sóknaraðilja. Hann neitar því, að hann hafi farið með sóknaraðilja á dansleik í Þórscafé. Þá neitar hann því, að hann hafi sofið hjá sóknaraðilja á F, en þó hafi hann komið þangað einu sinni, er sóknaraðili var stödd þar.

Vitnið P segir, að varnaraðili hafi oft heimsótt sóknaraðilja

að S. Einu sinni hafi þau farið saman á dansleik. Þegar líða fór á sumar, segir P, að varnaraðili hafi stundum komið að húsinu á næturþeli og bankað á glugga hjá sóknaraðilja. P kveðst þó ekki hafa vitað til þess, að hún hleypti varnaraðilja inn nema einu sinni. Þá kveðst P hafa farið til dyra um kl. 6.00 að morgni, er dyrabjöllu var hringt. Var þar fyrir ölvað fólk, er spurði eftir varnaraðilja. Þá hafi hún orðið vör við, að varnaraðili var inni í ganginum, skólaus og jakkalaus. P minnir, að þetta gerðist í júlí. Þá minnst hún þess, að einhverju sinni hafi verið barið á glugga K, og hafi þar verið ljóshærður maður einhver, sem sagðist hafa verið þar fyrr um nóttina að drykkju með málsaðiljum. P segist eftir þetta hafa séð, að eldhúsið í íbúðinni hafi verið í óreiðu, eins og setið hefði verið þar að drykkju. P kveðst ekki annars hafa orðið vör við, að aðrir karlmenn en varnaraðili vendi komur sínar til sóknaraðilja þetta sumar fyrr en um haustið, en þá hafi hún orðið þess vísari, að karlmenn hafi verið að koma til hennar og drekka með henni.

Vitnið Þ, sem á umræddum tíma bjó á F, segir að varnaraðili hafi stundum komið heim til hennar og gist þar nokkrum sinnum sumarið 1960. Tvisvar eða þrisvar hafi sóknaraðili verið stödd þar samtímis varnaraðilja. Einhverju sinni hafi borið svo við, að þau hafi verið stödd þar, er vitnið tók á sig náðir, og kveðst hún hafa talið, að þau ætluðu að gista þar um nóttina. Um morguninn, um kl. 9, kveðst hún hafa heyrt eitthvert þrusk og reiknað þá með, að þau væru að fara. Þau hafi verið farin, er hún kom á fætur.

Vitnið B, sem þekkir báða málsaðilja, kveðst eiginlega ekki geta sagt neitt um samband þeirra á getnaðartíma barnsins. Þó minnst hann þess, að sóknaraðili og varnaraðili hafi einu sinni komið saman heim til hans og einnig orðið samferða þaðan. Ekki kveðst hann heldur vita neitt um, hvort sóknaraðili hafi verið í þingum við aðra karlmenn, en hefur þó grun um, að hún hafi ekki verið við eina fjölinu felld.

Vitnið J, kunningi varnaraðilja, ber það, að hann hafi tvisvar komið með varnaraðilja heim til sóknaraðilja, er varnaraðili hafi þá verið að hitta son sinn. Þá kveðst hann einhvern tíma hafa komið að glugga hennar að næturlagi og bankað á gluggann. Sóknaraðili hafi látið í ljós, að hann ætti ekki að vera að þessu, því að húsráðandi væri óánægður með ónæði af næturheimsóknnum til hennar. Hún hafi þó komið út með honum og þau farið heim til Þ, er áður kom við sögu. Þar hafi sóknaraðili

viðhaft þau ummæli, að hún skyldi eyðileggja hjónaband varnaraðilja, þó svo að hún yrði að kenna honum barn, sem hann ætti ekki. Hún hafi verið full illgirni út í varnaraðilja. J kveðst kannast af orðsþori við sóknaraðilja, og sé hún almennt talin lauslát mjög.

Sóknaraðili neitar því með öllu, að hún hafi viðhaft ummæli þau, sem J hefur eftir henni.

Sóknaraðili kveðst hafa skýrt varnaraðilja frá þunga sínum í ágúst 1960. Hann hafi ekki hreyft mótmælum gegn því, að hann væri faðir að barninu. Varnaraðili neitar því, að þetta sé rétt.

Varnaraðili kveðst ekki vita um menn, sem sóknaraðili hafi verið í tygi við á getnaðartíma barnsins. Þó muni hún hafa búið með manni einum um tíma. Leitt er í ljós, að í september 1960 komst sóknaraðili í kynni við pilt að nafni P, þá 15 ára að aldri. Þau höfðu samfarir saman samkvæmt framburði P, í fyrsta sinn hinn 8. október, og um og eftir áramót bjó P hjá henni í um það bil viku.

Sóknaraðili segir, að síðustu tíðir hennar fyrir barnsburðinn muni hafa verið um mánaðamót júní—júlí eða snemma í júlí 1960. Ekki man hún þetta með vissu.

Blóðflokkanannsókn var gerð á málsaðiljum og barni, og leiddi hún þetta í ljós:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Sóknaraðili	A ₁	MN	+	+	—	—
Meybarn, fætt ³ / ₄ 1961	0	N	+	+	—	—
Varnaraðili	0	MN	+	+	—	—

Samkvæmt rannsókninni getur varnaraðili verið faðir barnsins.

Í málinu hafa ekki verið færðar sönnur að því, að málsaðiljar hafi haft holdlegt samræði saman á getnaðartíma barns þess, er málið snýst um. Verða málsúrslit að velta á eiði. Þykir sóknaraðili tvímælalaust hafa meiri líkur með sínu máli, og verður því niðurstaðan sú, að varnaraðili skuli talinn faðir barnsins, ef sóknaraðili vinnur innan 2 mánaða frá uppkvaðningu dóms þessa eið á löglegu varnarþingi sínu að því, að hún hafi í júlímánuði 1960 haft samfarir við varnaraðilja og að varnaraðili skuli síðan með úrskurði skyldaður til að inna af höndum þær greiðslur, sem sóknaraðili hefur krafizt. Þá ber og að dæma varnaraðilja til að greiða í málskostnað kr. 600.00, er renni til ríkis-

sjóðs, en þetta er fjárhæð sú, sem út hefur verið lögð vegna málsins skv. 215. gr. laga nr. 85/1936.

Verði sóknaraðilja hins vegar eiðfall, skal varnaraðili sýkn af öllum kröfum hennar, og falli þá málskostnaður niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan 2 mánaða frá uppkvaðningu dóms þessa eið að því á löglegu varnarþingi sínu, að hún og varnaraðili, M, hafi haft samfarir saman í júlímánuði 1960, skal varnaraðili teljast faðir að meybarni því, er hún ól 31. jan. 1961, og greiða með því samkvæmt úrskurði yfirvalds meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1961. Þá greiði hann einnig í málskostað kr. 600.00, sem renni til ríkissjóðs.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af öllum kröfum hennar og málskostnaður falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
